

Aðventan er annað nafn yfir jólaföstu

11. desember kemur fyrsti jólasveinninn til byggða

Þorláksmessa er 23. desember, kennd við Þorlák biskup helga

Aðfangadagur er 24. desember, þá hefjast jólin

Gamlársdagur er 31. desember, þá er gamla árið kvatt

Nýársdagur er 1. janúar, fyrsti dagur ársins

Prettándinn er 6. janúar, þá lýkur jólnum með formlegum hætti

jól *n pl.*: Vánoce

fasta *f (-u, -ur)*: půst

jólasveinn *m (-s, -ar)*: vánoční skřítek (sveinn: chlapec)

byggð *f (-ar, -ir)*: obydlená oblast, lidské osídlení

kenna e-ð við e-n: pojmenovat něco po někom

aðfangadagur: Štědrý den

helgur: svatý

hefja *v (hef, hóf/hófum, hafð)* (+ACC): 1) začínat, zahajovat; 2) zvednout

kveðja *v (kveð, kvaddi/kvöddum, kvatt)* (+ACC): rozloučit se (s někým)

ljúka *v (lýk, lauk/lukum, lokið)* (+DAT): (s)končit (něco)

formlegur: formální

háttur *m (-ar, hættir)*: 1) zvyk, obyčej; 2) způsob

Jólasveinarnir

Samkvæmt íslenskum þjóðsögum var algengt að yfirmáttúrulegar verur á borð við tröll, álfa og huldufólk heimsæktu menn um jól eða áramót. Talið er að sögurnar um íslensku jólasveinanna séu hluti af þessari hefð enda eru foreldrar þeirra, sem kölluð eru Grýla og Leppalúði, einhvers konar tröll. Jólasveinarnir voru ýmist taldir vera níu eða þrettán og komu til byggða til að hrekkja mannfólkið eða sníkja af því mat eða aðrar nauðsynjar. Árið 1932 samdi skáldið Jóhannes úr Kötlum kvæði um jólasveinanna þrettán og hefur það haft mótandi áhrif á hugmyndir yngri kynslóða um þá. Nú á dögum hefur mynd íslensku jólasveinanna líka blandast saman við hinn erlenda rauðklædda jólasvein sem færir börnum gjafir. Íslensk börn hafa þann sið að setja skó út í glugga kvöldið áður en fyrsti jólasveinninn er væntanlegur, sem er þá 11. eða 15. desember. Ef þau hafa verið stillt geta þau átt von á að finna litla gjöf í skónum morguninn eftir en ef þau hafa verið óþekk þá gefur jólasveinninn þeim kartöflu í skóinn.

samkvæmt (+DAT): podle (někoho)

þjóðsaga *f (-u, -ur)*: lidová pověst

algengur: obvyklý, běžný

yfirmáttú(u)legur: nadpřirozený

vera *f (-u, -ur)*: bytost

á borð við (+ACC): (podobný) jako

tröll *n (-s, -)*: troll, obr

álfur *m (-s, -ar)*: skřítek, elf

huldufólk *n (-s)*: skrytý lid [< hylja: skrýt, zakrýt]

heimsækja *v (-sæki, -sótti/-söttum, -sött)* (+ACC): navštívít (někoho) [*heimsækti* je konjunktiv minulého času]

áramót *n pl.*: přelom roku

séu: konjunktiv přítomný od slovesa *vera*

hefð *f (-ar, -ir)*: tradice, zvyk

einhvers konar: jakýsi

ýmist – eða: buď – (a)nebo

hrekkja *v (-ti, -t)* (+ACC): zlobit, škádlit

sníkja *v (-ti, -t)* (+ACC): (vy)loudit, (vy)škemrat

nauðsyn *f (-jar, -jar)*: nutnost, nezbytnost

semja *v (sem, samdi/sömdum, samið)* (+ACC): 1) napsat, složit, (z)komponovat; 2) sjednat, vyjednat

skáld *n (-s, -)*: básník

kvæði *n (-s, -)*: báseň

mótandi: formující, tvarující

áhrif *n (-s, -)*: vliv, působení

kynslóð *f (-ar, -ir)*: generace, pokolení

blanda *v (-aði)* (+DAT) **saman við e-ð**: (s)míchat (něco) (dohromady) s *něčím*

erlendur: zahraniční, cizí

klæða *v (-ddi, -tt)*: obléct, odít

siður *m (-ar / -s, -ir)*: 1) zvyk, obyčej, mrav; 2) víra

áður en: dříve než

væntanlegur: očekávaný, předpokládaný

geta *v (get, gat/gátum, ¹getað/²getið)* (+ACC/SUP): 1)

moci, být schopen (něčeho/dělat něco); 2) uhádnout; ...

von *f (-ar, -ir)*: naděje, očekávání; **eiga von á e-u**: očekávat *něco*

stilltur: klidný, rozvážný

óþekkur: zlobivý, neposlušný

kartafla *f (-u, -ur)*: brambora

Þorláksmessa

Þorláksmessa, 23. desember, er síðasti dagur aðventunnar en líka forn kaþólskur messudagur. Dagurinn er kenndur við Þorlák Þórhallsson sem var biskup í Skálholti á 12. öld og lést þennan dag árið 1193. Þorlákur er einn af þremur íslenskum dýrlingum og sá eini sem hlotið hefur blessun páfa en það gerðist þó ekki fyrr en árið 1984. Í samtímanum er Þorláksmessa tengd jólaundirbúningi. Margir skreyta jólatré þennan dag og verslanir eru opnar langt fram á kvöld þannig að fólk er gjarnan að kaupa síðustu jólagjafirnar á Þorláksmessukvöldi. Á Vestfjörðum og reyndar víðar um land borða margir kæsta skötu á Þorláksmessu en þá hefð má væntanlega tengja því að jólaföstunni er að ljúka.

forn: dávný, starobyly

öld *f* (*aldar, aldir*): 1) století; 2) vøk, doba

lést (<láta(st)): zemřel, skonál

dýrlingur *m* (-s, -ar): světec, svěťice

sá eini: (ten) jediný

hljóta *v* (*hlýt, hlaut, hlutum, hlyti, hlotið*) (+ACC): 1) obdržet, dostat; 2) „muset“ (*subj. mod.*: určitě/jistě být)

blessun *f* (-unar, -anir): požehnání; štěstí

samtími *m* (-a): současnost, přítomnost, dnešek

vera **tengdur** *e-u*: být spojován s něčím; být příbuzný s někým [< tengja]

undirbúningur *m* (-s): příprava [< búa sig undir e-ð]

skreyta *v* (-ti, -t) (+ACC): (o)zdobit, vyzdobit, nazdobit

tré *n* (-s, -): 1) strom(ek); 2) dřevo

verslun *f* (-unar, -anir): obchod, prodejna

gjarna(n): rád, ochotně; často; snadno, snáze

kaupa *v* (*kaupi, keypti/keyptum, keypt*) (+ACC): (na)koupit

reyndar: vlastně, ve skutečnosti

víðar: dále, více (dosl. „šířeji“)

kæstur: kvašený

skata *f* (-u, -ur): rejnok

tengja *v* (-di, -t) *e-ð e-u*: spojovat něco s něčím

Aðfangadagur og jóladagur

Á flestum íslenskum heimilum hefjast jólin formlega síðdegis 24. desember en hann er nefndur aðfangadagur. Orðið merkir bókstaflega dagur undirbúnings en ástæða þess að jólahaldið hefist í lok hans er sú að samkvæmt fornri kristinni hefð hófst jóladagur, 25. desember, við sólsetur dagsins á undan. Klukkan sex á aðfangadag er kirkjuklukkum hringt, þær hringja inn jólin, eins og sagt er. Sumir fara þá í messu en aðrir hefja hátíðina á því að borða kvöldmat en í kjölfarið tekur fólk upp jólapakka sem hefur yfirleitt verið raðað í kringum jólatréð. Á jóladag heldur fólk sig heima við eða fer í jólaboð til ættingja. Annar dagur jóla, 26. desember, er líkt og jóladagur almennur frídagur en líkist meira venjulegum sunnudegi.

heimili *n* (-s, -): domov, bydliště; domácnost

nefna *v* (-di, -t) (+ACC): 1) (po)jmenovat, nazývat; 2) zmínit (se), uvést

merkja *v* (-ti, -t) (+ACC): 1) (vy)značit; 2) znamenat; 3) postřehnout, všimnout si

bókstaflega: doslova, do písmene [< bókstafur: písmeno]

ástæða *f* (-u, -ur): příčina, důvod, motiv

jólahald *n*: vánoční oslavy [< halda hátíð/jól]

lok *n pl*: závěr, konec

sólsetur *n* (-s, -): západ slunce

dagur á undan: předchozí den

klukka *f* (-u, -ur): hodiny; hodina; zvon

hringja *v* (-di, -t): (za)zvónit; (za)telefonovat > **hringja inn**

jólin – tradiční přivolávání vánoc kostelními zvony

eins og: jak, jako, stejně jako

sumur: některý, určitý

í kjölfarið: následně [< kjöl-far: brázda za (*kýlem*) lodi]

yfirleitt: převážně, (vše)obecně

raða *v* (-aði) (+DAT): uspořádat, seřadit

(i) kringum (+ACC): kolem, okolo (něčeho)

halda sig heima (við): zůstávat/zdržovat se doma

(jóla)**boð** *n* (-s, -): pozvání (na návštěvu) [< bjóða]

ættingi *m* (-ja, -jar): příbuzný [< ætt: rod, rodina, kmen]

almennur: (vše)obecný, veřejný

frídagur *m* (-s, -ar): (státní) svátek

líkja *v* (-ti, -t) (+DAT): přirovnávat; napodobovat > **líkjast**

e-m: připomínat (*koho*), podobat se (*komu*)

venjulegur: obvyklý, obyčejný, běžný [< venja]